

## Amtsráðsskýrslur

(Niðurlag frá bls. 105).

- g. Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu var að athuga, að tekjumegin 4. a. standa 45 kr. 70 a., en á að vera 49 kr. 70 a., og aptur gjaldamegin 6. standa 3 kr. 66 a., en ættu að vera 3 kr. 98 a. Verður því eign til næsta árs að færast upp um 3 kr. 68 a., svo hún verður 152 kr. 27 a.
13. Voru samín yfirlit 1. yfir fjárhag sýslusjóðanna fyrir 1880, og 2. yfir fjárhag sýslu-vegastjóðanna fyrir 1880.
14. Amtsráðið veitti, sem að undanfögnu, 25 kr., sem þóknun fyrir skriptir á árinu 1881. Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Fundur amtsráðsins í norður og austurumdæminu 7. marz 1882.

117

Ár 1882, hinn 7. marz var fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, settum amtmanni J. Havsteen og amtsráðsmönnum, presti Arnljóti Ólafssyni og varaamtsráðsmanni, ritstjóra Skapta Jósepsyni.

Mál þau, sem komu til umræðu á fundinum, voru þessi:

1. Forseti lagði fram bönarbrjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dagsett 31. oktbr. 1881, um 500 kr. styrk handa jarðabóta- og kynbótafjelagi Skagfirðinga af því fje, sem ætlað var til eflingar búnaði á árinu 1881, en landshöfðingi hafði sent amtsráðinu þessa bönarskrá, til þess að hún yrði tekin til greina við útbýtinguna á þeim 860 kr., sem lagðar höfðu verið fyrst um sinn í búnaðarsjóð amtsins, og sem landshöfðingi með brjefi sínu 10. oktbr. f. á. hafði falið amtsráðinu að útbýta fyrir sína hönd. Amtsráðið gat nú þegar af þeirri ástæðu eigi veitt svo mikinn styrk, sem sótt var um, að búíð var þegar að útbýta 435 kr. af hinum fyrnefndu 860 kr., enda hafði jarðabótafjelagsdeildin eigi unnið neina jarðabót enn, sem samkvæmt brjefi landshöfðingja 15. júní 1881 (Stjórnartíðindi B. 1881, bls. 65) má álíta sem skilyrði fyrir því, að búnaðarfjelog geti orðið aðnjótandi styrks af þeirri fjárveiting, sem hjer er um að ræða; heldur eigi voru framkomnar svo greinilegar skýrslur um framkvæmdir kynbótafjelagsins, sem amtsráðið hafði getað búist við, og þóttist amtsráðið því eigi geta veitt fjelaginu nokkurn eiginlegan styrk, en vildi þó láta því til 100 kr. í þetta skipti.

## Leiðrjettingar.

- Bls. 79, l. 27 «álítast, að með» les: **álítast með.**  
 — — l. 28 «veiðiskap landhelgi» les: veiðiskap í landhelgi.  
 — 87, l. 31 «tjeða» les: **Asgarös.**  
 — — l. 32 «báðar þessar sóknir eiga» les: **báðum þessum sóknum á.**  
 — 88, l. 7 «hlutadeigendur» les: hlutadeigöndum.  
 — 89, l. 23 «tollsóttvarnar» les: toll — sóttvarnar.  
 — 90, l. 24 «hvað öðru» les: hvað **sem** öðru.  
 — 91, l. 1 «hefði» les: **hefir.**  
 — — l. 5 «hvað öðru» les: hvað **sem** öðru.  
 — 92, l. 3 «verði» les: **verður.**  
 — — l. 29 «nndir» les: undir, «bera» les: beri.  
 — — l. 32 «nakvæmar» les **nákvæmar.**  
 — 93, l. 16 ad» inter- les: «ad inter-  
 —100, l. 32 «i» les: í.  
 — — l. 34 «i» les: í, «i» les: í.  
 —105, l. 15 «13. maí» les: **31. maí.**

19. dag júlím. 1882.

Framlögð var bænarskrá frá «búnaðar- og samvinnufjelagi Vopnfirðinga» um styrk af sömu fjárveiting; amtsráðið veitti þessu fjelagi 80 kr. styrk samkvæmt skýrslum þess um framkvæmdir sínar á árinu 1881.

Framlögð bænarskrá frá búnaðarfjelagi Vallahrepps í Suður-Múlasýslu um viðbót við þann 20 kr. styrk, sem fjelaginu hafði verið veittur á næstliðnu hausti af því fje, sem ætlað var búnaðarfjelogum og búnaðarsjóðum hjer í amtinu árið 1881, þar sem styrkur þessi væri næsta lítill í samanburði við það, sem veitt var ýms-um öðrum búnaðarfjelogum við sama tækiferi; en fjelagið gat þess, að þessi ójöfnuður kynni að hafa orsakast af því, að það eigi hafði talið, í skýrslu sinni um aðgjörðir fjelagsins, nema þær jarðabætur, sem beinlínis höfðu verið unnar með fjelagsvinnu, og sleppt því, sem einstakir menn hefðu látið vinna af eigin rammeik á jörðum sínum, en önnur fjelög, sem hefðu fengið meiri styrk, en Vallahrepps-fjelagið hefðu eigi unnið meira með beinlínis fjelagsvinnu, en það. Amtsráðið var á þeirri skoðun, að eigi bæri að veita styrk fyrir aðrar jarðabætur, en þær, sem fjelögin sjálf ynnu, en þar sem þó þau fjelög, sem getið er um í bænarskrá Vallahrepps-fjelagsins, að líkindum myndu hafa fengið nokkurn styrk fyrir jarðabætur einstakra manna, vildi amtsráðið veita fjelaginu 20 kr. í viðbót, til þess að bæta nokkuð úr þessum ójöfnuði.

2. Til þess að þetta ætti sjer ekki stað framvegis, að búnaðarfjelog fengju styrk að tiltölu við jarðabætur, sem eigi væru unnar með fjelagsvinnu, ályktaði amtsráðið, sem á þessu yfirstandandi ári mun fylgja hinni sömu grundvallarreglu við tillögur sínar um útbýting þessa fjár, sem á árinu 1881, að auglýsa fyrir fram þær reglur, sem það mun byggja tillögur sínar á, og eru þær fyrir þetta yfirstandandi ár eins og hjer skal sagt:
  1. Eigi skulu aðrar jarðabætur taldar í skýrslunum, er fylgja með bónarbrjefum fjelaganna um styrk af því fje, sem ætlað er til eflingar búnaði, en þær einar, er fjelagsmenn vinna sem fjelagsmenn, og því eigi þær, er þeir vinna utanfjellags, svo sem áskildar jarðabætur leiguliða í byggingarbrjefum þeirra o. s. frv.
  2. Nákvæmlega skal lýst jarðabótinni, bæði hver hún sje og hvernig henni sje háttað, svo sem hvað háir og breiðir garðar, brýr og girðingar sjeu að meðaltali, eða skurðir djúpir og breiðir; hvernig sljettað sje t. d. hvort með plóg eður spaða, hvort undir sje borið grasrótina o. s. frv.; hve margar dagsláttur eður ferfaðmar sjeu gjörðir að flóðengi með þeim flóðgörðum, o. s. frv.
  3. Metið skal, hve mörg *gild* dagsverk jarðabótin sje, og sem sönnun um áreiðanlegleika dagsverkatölnunnar skal fylgja með vottorð frá hreppsnefndaroddvita eða tveimur valinkunnum mönnum.
  4. Skýrslur þessar, ásamt með bónarbrjefum fjelagsstjórnanna skulu komnar til forseta amtsráðsins fyrir 10. septbr. næstkomanda.
3. Það, sem nú var eptir af hinum fyrgreindu 860 kr., 225 kr.; leggur amtsráðið til, að megi renna í búnaðarsjóð norður og austuramtsins fyrir fullt og allt.
4. Forseti framlagði brjef landshöfðingja, dagsett 6. febrúar 1882, þar sem hann fellst á tillögur amtsráðsins um fjárveitingar til fjallvegagjörða árið 1882, og veitir ean fremur 700 kr. til þess að fullgjöra fjallvegina á Vatnsskarði og Siglufjarðarskarði Skagafjarðarsýslumegin. Ennfremur veitir landshöfðingi 2500 kr. til að styrkja að helmingi sýsluvegasjóði til að bæta sýsluvegi á aðalpóstleiðunum — en þar af eru 600 kr. ætlaðar til brúargjörðar yfir Valagilsá í Skagafjarðarsýslu —, og felur

amtsráðinu að skipta þeim 1900 kr., sem eptir eru, milli sýsluvegasjóða í norður- og austurumdæminu, er fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögunum um þetta efni. Með sama brjefi landshöfðingja fylgdi brjef sýslumannsins í Húnavatns-sýslu, 11. janúar þ. á., um 3000 kr. til vegagjörðar á Grímstunguheiði. Þessi fjallvegur er eigi aðalpostleið, en þær eiga eptir fjárlögunum að sitja í fyrirrúmi fyrir öllum fjallvegabótum; fyrir því gat amtsráðið eigi mælt fram með fjárveiting til þessa fjallvegar, nema því að eins að fje yrði afgangur frá vegagjörðum á postleiðunum.

5. Með sama brjefi, 6. febrúar 1882, hefir landshöfðingi veitt 1000 kr. til hinnar fyrirhuguðu sæluhússbyggingar þetta ár á Mývatnsöræfum. Amtsráðið fjellst á tillögur sýslunefndarmanns Jakobs Hálfánarsonar á Grímsstöðum um stað sæluhússins, og fól honum á hendur að annast um þessa sæluhússbyggingu samkvæmt skýrslu þeirri og áætlun, sem hann hafði sent amtsráðinu. Í sambandi hjervíð framlagði forseti brjef, dagsett 7. febrúar 1882, frá óðalsbónda Pjetri Jónssyni á Reykjahlíð með tillögu um byggingu skýlis eður sæluhúss á Eystraseli á veginum yfir Mývatnsöræfi, og áætlar hann kostnaðinn til þess um 200—300 kr. Amtsráðið áleit, að þessi skýlisbygging gæti engan veginn komið í staðinn fyrir sæluhússbygginguna við ferjustaðinn á Jökulsá, heldur gæti hún vel komið til greina síðar meir sem viðbót við hana, þar sem hún gæti orðið hentug ferðamönnum á leiðinni milli Jökulsárferju og Reykjahlíðar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri, 10. dag marzm. 1882.

*J. Havsteen.*  
settur.

## Reikningur

yfir búnaðarsjóð vesturamtsins árið 1880.

	Tekjur.	Kr.	A.
1. Eptirstöðvar við árslok 1879:		kr.	
a. Ríkisskuldabryjef . . . . .		1500	»
b. Skuldabryjef einstakra manna . . . . .		8530	»
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1879 . . . . .		46	52
d. Í peningum . . . . .		61	92
		<hr/>	
2. Leiga af vaxtafje sjóðsins . . . . .			401 20
3. Tillag úr landssjóði af fje til eflingar búnaði . . . . .			883 33
		Samtals	<hr/> 11422 97

### Gjöld.

1. Veitt verðlaun fyrir jarðabætur:			
a. Niels Eyjólfssyni á Grímsstöðum . . . . .	50	»	
b. Jóni Bjarnasyni á Fögrubrekku . . . . .	30	»	
c. Ásmundi Þórðarsyni á Snartartungu . . . . .	30	»	
d. Sigurði Ólafssyni á Skíðsholtum . . . . .	50	»	
e. Kristínu Einarsdóttur á Dúnki . . . . .	30	»	
f. Guðrúnu Einarsdóttur á Laxárholti . . . . .	50	»	
g. Davíð Davíðssyni á Innstutungu . . . . .	50	»	
			<hr/> 290